

Nd.

2. Frumvarp til laga

[2. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði og miðist árleg fjárveiting við kostnað við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhugaðar framkvæmdir á fjárhagsárinu. Á árinu 1971 greiðir ríkissjóður ríkisútgáfu námsbóka fjárhæð, sem svarar til álagðs námsbókagjalds fyrir það ár, auk ríkissjóðshluta af kostnaðinum. Þeir, sem þegar hafa greitt innheimtumönnum ríkisins námsbókagjald 1971, skulu fá það endurgreitt hjá sömu aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 30. júlí 1971 og er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til rökstuðnings fyrir bráðabirgðalögunum, sem eru prentuð hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að í samstarfssamningi stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar sé ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að bæta launþegum þau 1.3 visitölustig, er samkvæmt lögum nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, hafa ekki komið fram í kaupgreiðsluvisitölu. Einn þáttur í þessari fyrirætlun ríkisstjórnarinnar sé að fella niður námsbókagjald samkvæmt lögum nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka, og beri því brýna nauðsyn til að breyta þeim lögum með setningu bráðabirgðalaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði og miðist árleg fjárveiting við kostnað við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhugaðar framkvæmdir á fjárhagsárinu. Á árinu 1971 greiðir ríkissjóður ríkisútgáfu námsbóka fjárhæð, sem svarar til álagðs námsbókagjalds fyrir það ár, auk ríkissjóðshluta af kostnaðinum. Þeir, sem þegar hafa greitt innheimtumönnum ríkisins námsbókagjald 1971, skulu fá það endurgreitt hjá sömu aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júlí 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.